



Heildarskipulag útivistarsvæða

Hlutfall úppbyggðra og byggðra svæða

Skipulögð útivistarsvæði	stærð í ha
Akurey	11,5
Engey	40,1
Viðey	159,9
Miðbaer	104,3
Suðurströnd	66,2
Öskjuhlíð	55,5
Fossvogskirkjugarður	33,9
Miklatún	13,2
Laugarnes	10,6
Laugardalur	84
Fossvogsdalur	92,8
Suður Mjódd	21,1
Elliháardalur	380
Bakkar	14,4
Gufuneshöfði	20,6
Gufunes	33,7
Norðurströnd	81,7
Gufuneskirkjugarður	29,9
Grafarvogur	72,9
Úlfarsárdalur norður	185,7
Úlfarsárdalur suður	246,6
Úlfarsfell	59
Golfvöllur Grafarholti	104,8
Samtals	1922,4

Tafla 1. - Skipulögð útivistarsvæði – stærðir í ha



1. mynd - Hlutfall útivistarsvæða og byggðar



2. mynd - Útivistarsvæði innan þéttbýlissvæðis

Þéttbýli Reykjavíkur afmarkast af vaxtarmörkum byggðar (Græna treflinum) til austurs, sveitarfélagamörkum til norðurs og suðurs og strandlengju borgarinnar til vesturs. Samtals er þetta svæði um 63 km² en af því eru nú úppbyggð svæði um 29,5 km², eða 46% miðað við núverandi ástand. Gert ráð fyrir að hlutfall úppbyggðra svæða minnki á skipulagstímabilinu, einkum vegna tilkomu byggðar í hlíðum Úlfarsfells, Norðlingaholti, Geldinganesi og Hólmsheiði. Þessum svæðum var einnig ráðstafað undir byggð í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016. Í lok skipulagstímabilsins er því gert ráð fyrir að hlutfall úppbyggðra svæða innan þéttbýlissvæðisins (63 km²) sé um 21 km², eða um 32%, og af því eru skipulögð útivistarsvæði um 19 km² (sjá töflu 1 og 1. mynd). Hlutfall skipulagðra útivistarsvæða innan þéttbýlissvæðisins eykst lítillega þannig að þó að hlutfall úppbyggðra svæða minnki er hlutfall útivistarsvæða innan þéttbýlisins nokkurn veginn óbreytt. Aukninguna má einkum rekja til breyttra sveitarfélagamarka Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Opin og óbyggð svæði á Kjalarnesi eru ekki inni í ofangreindum tölum.

Heildarskipulag útivistarsvæða

Meginþættir í heildarskipulagi útivistarsvæða eru (sjá markmið 2 í Greinargerð 1 - Stefnumörkun):

- Mynda samfelldan vef útivistarsvæða um borgarlandið sem tengir saman hverfi, heimili, þjónustu og vinnustaði.
- Að viðhalda náttúrulegum fjölbreytileika lands og lífríkis samhliða því að skapa góð tengsl íbúðabyggðar við fjölbreytt náttúru- og útivistarsvæði.

Í þemahefti Aðalskipulags Reykjavíkur 1996 – 2016 um umhverfi og útivist er sett fram stefna um heildarskipulag fyrir útivistarsvæði borgarinnar. Heildarskipulagið miðar að því að skilgreina, styrkja og bæta núverandi net útivistarsvæða og stiga sem vefur sig inn í og umhverfis byggðina. Markmiðið er að tengja saman hverfi, heimili, þjónustu og vinnustaði og tengja saman öll helstu útivistarsvæði borgarinnar og stofnstígakerfi borgarinnar þannig að samfelldur vefur útivistarsvæða og stiga liggja um allt borgarlandið. Í heildarskipulaginu eru einnig skilgreind og afmörkuð helstu náttúrusvæði borgarinnar. Svæðin eru skilgreind og afmörkuð á grunni náttúrufarskannana sem fram fóru árið 1996.¹ Stefnit er að því að halda svæðunum sem mest óskertum sem náttúrusvæðum og þau sett undir hverfisvernd í aðalskipulagi. Í þemahefti AR 1996-2016 um umhverfi og útivist er einnig mótuð stefna fyrir einstök útivistarsvæði í borginni (sjá 2. mynd) og er hún óbreytt í meginráttum. Stefnan er leiðbeinandi við gerð deiliskipulags fyrir viðkomandi svæði.

¹ Hér er vísað í úttektir sem gerðar voru á flestum útivistarsvæðum borgarinnar á vegum Náttúrufræðistofnunar og birtar í eftirfarandi skýrslum: Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur, Heimildir um náttúrufar í og við Reykjavík, Náttúrufar með Sundum í Reykjavík.



3. mynd - Græni trefillinn og tenging strandlengju við útmörk



4. mynd- Úr Elliðaárdal



5. mynd - Helstu breytingar á landnotkunarkorti

Fossvogsdalur, Elliðaárdalur, opið svæði frá Grafarvogi að Hólmsheiði og Úlfarsárdalur frá Blikastaðakró að Hafravatni eru stærstu samfelldu útivistarsvæðin sem tengja saman útmörk borgarinnar (Græna trefillinn) við strandlengju borgarinnar og byggð svæði (sjá 3. mynd). Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 og í þemahefti um umhverfi og útivist var mótuð stefnu um að viðhalda og styrkja þessar tengingar. Þetta er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Gert er ráð fyrir að austan vaxtarmarka byggðar² verði áfram unnið að uppbyggingu almenns skógræktar- og útivistarsvæðis sem nær frá Esjurótum suður til Hafnarfjarðar. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að framlengja Græna treflinum með fram Esjuhlíðum og inn í Blikdal á Kjalarnesi. Á nokkrum stöðum er gert ráð fyrir þjónustu- og upplýsingamiðstöðvum fyrir útivistarsvæði borgarinnar. Þessir staðir eru:

- *Ráðhús Reykjavíkur – Miðbær, Tjörnin*
- *Nauthólsvík - Suðurströnd*
- *Perlan - Öskjuhlíð*
- *Fjölskyldu- og húsdýragarður – Laugardalur*
- *Viðeyjarstofa – Viðey, Engey, Akurey*
- *Rafstöð – Elliðaárdalur*
- *Gufunesbær – Uppfylling á Gufnesi*
- *Korpúlfsstaðir – Úlfarsárdalur*
- *Reynisvatn – Úlfarsárdalur, Austurheiðar*
- *Elliðavatnsbær – Elliðaárdalur, Austurheiðar, Heiðmörk*
- *Ný útivistarsvæði og aðrar breytingar*

Á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins hefur sú breyting orðið á að öll útivistarsvæði innan byggðar eru nú skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota. Einstök útivistarsvæði með sértæka notkun, s.s. íþóttasvæði, golfvöllir og hesthúsabyggð, eru auðkennd með bókstaf sem gefur til kynna fyrirhugaða notkun á hverju svæði fyrir sig. Við núverandi útivistarsvæði með sértæka notkun bætast ný sértæk útivistarsvæði á Kjalarnesi þar sem m.a. er gert ráð fyrir golfvöllum annars vegar á sjálfu Kjalarnesi og hins vegar upp með Leirvogsa og Kollafjarðará þar sem er einnig gert ráð fyrir hesthúsabyggð og kirkjugarði (sjá 5. mynd). Þessi svæði eru innan og ofan fyrirhugaðrar byggðar á Álfsnesi austan Vesturlandsvegur. Græni trefillinn, sem nú nær að Mógilsá og markar útmörk borgarinnar, verður framlengdur með Esjuhlíðum og inn Blikdal sem samfelld skógræktar- og útivistarsvæði. Þau svæði, sem skilgreind eru sem óbyggð svæði skv. skipulagsreglugerð, eru Esjan ofan Græna trefilsins, toppur Úlfarsfells, hraunflákar austan Heiðmerkur og eyjarnar Akurey, Engey, Perney, Lundey og Andriðsey (sjá landnotkunarkort aðalskipulagsins).

² Sjá landnotkunarkort aðalskipulagsins